

Nefndarsvið Alþingis

Ágæti viðtakandi, ég sendi hérmeð umsögn um samgönguáætlun. mál 172 og 173

Niðurstöðan er alveg skýr: Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Röksemdafærsla:

Vegakerfið er ein heild út frá sjónarhóli neytenda og það er alvarleg rökvilla að skipta því niður.

Þessi nálgun felur í sér mismunun eftir búsetu og hvert borgararnir sækja vinnu sína. Viðbótarkostnaður vegur þyngst á þá sem minnst hafa milli handanna sem getur orðið til þess að viðkomandi geta ekki farið ferða sinna. Þetta er einfaldlega alvarleg aðför að stjórnarskrávörðum réttindum borgaranna.

Í þessu fyrirkomulagi er innbyggð hættu á frekari einkavæðingu með augljósri, afleiddri kostnaðaraukningu fyrir neytendur og samfélagið í heild sinni sbr. neðangreindar athugasemdir frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Þetta er mjög kostnaðarsöm aðferð við innheimtu hjá borgurunum. Sé þörf á hærri gjöldum er eðlilegra að innheimta það í gegnum þann farveg sem er til staðar nú þegar þar sem hluti olíuverðs til neytenda inniheldur gjaldtöku ríkisins. Neytandinn tekur augljóslega þátt í kosnaði í réttu hlutfalli við eingi notkun.

Fyrirvaralaus áform um vegtolla eru mjög óvönduð vinnubrögð og fela í sér mjög alvarlegan lýðræðishalla. Ég get ekki séð að nokkur þeirra sem nú talar fyrir vegtollum hafi kynnt þann ásetning í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Kjósendur fengu ekki tækifæri til að taka afstöðu til slíkra hugmynda. Það er alveg skýrt að stjórnvöld eru því umboðslaus í þessu máli í heild sinni.

Vegtollar þýða aukna skattbyrði, þeir bætast við þær greiðslur sem umferðin skilar nú þegar. Engin áform hafa verið kynnt um að lækka aðra skattheimtu af bílum og umferð. Eðlilegt væri að launamaður sem vegna vinnu sinnar ferðast um svæði þar sem sérstök viðbótar gjaldtaka fer fram - umfram aðra launamenn - fái það nýtt til skattaafsláttar. Því er ekki til að dreifa og gera á viðkomandi launamanni skylt að greiða þennan viðbótarkostnað af launum eftir skatt! Því miður fyrir almenna borgara liggur ofuráhersla stjórnvalda á að veita hinum efnuðu skattaflátt, en fjármagnstekjuskattur auðmanna er um 22% meðan almennir launþegar greiða 37%, skyggir á og heppilegra er talið að senda „breiðu bökunum“ reikninginn. Þetta er með öllu óbjóðandi.

Loks læt ég fylgja með neðangreindar fimm málsgreinar - athugasemdir frá FÍB sem ég tek undir og tel fullbær rök gegn þessari hörmung, án breytinga:

Það er lýðskrum að lofa þeim sem mest aka 90% afslætti af vegtollum. Greiðsla upp á 100-140 krónur stæði ekki undir innheimtukostnaði. Ef þeir sem mest nota vegina eiga að borga sama og ekkert þá skila vegtollarnir aldrei áformuðum tekjum. Fjarstæðukennt er að verðlauna þá sem mest aka og valda mestum umhverfisáhrifum.

Vegtollar á þjóðvegum til og frá höfuðborgarsvæðinu gera lítið til að létta áhyggjum stjórnvalda af minnkandi tekjum af eldsneytissköttum vegna fjölgunar rafbíla (orkuskiptin). Akstur á þessum leiðum er aðeins hluti af heildarumferð á landinu á hverjum degi.

Fáheyrt er að innheimta sérstaka vegtolla vegna öryggisúrbóta og eðlilegrar uppbyggingar á grundvallar samgönguæðum þjóðfélagsins. Umferðin skilar nú þegar nægum tekjum til að standa undir þessum útgjöldum.

Reynslan erlendis frá sýnir að ríkisvaldið selur einkafyrirtækjum réttinn til að eignast og reka fjölförnustu hluta samgöngukerfisins með vegtollum. Almennri umferð er breytt í arðbæra féþúfu.

Víða erlendis eru vegtollar réttlættir á þeim forsendum að vegfarendur eiga val um aðrar leiðir, en seinfarnari. Ekkert slíkt er í boði þegar kemur að þjóðvegum til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Með bestu kveðju,
Hákon Jóhannesson
Kt. 240657-5389
Lækjasmári 70, 201 Kópavogur
email: hakon.johannesson@gmail.com